



505. Stjórnarfundur haldinn 3. maí 2018 kl:18:00

Mættir:

Einar Haraldsson (EH), Þórður Magni Kjartansson (ÞMK), Bjarney S. Snævarsdóttir (BS), Sveinn Adolfsson (SA), Birgir Már Bragason (BMB) og Eva Björk Sveinsdóttir (ES).

Fjarverandi: Kári Gunnlaugsson (KG) og Birgir Ingibergsson (BI).

Fundurinn hófst með því að formaðurinn bauð upp á pylsur fyrir fund og var notast við pylsupottinn okkar.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð yfirfarin og samþykkt.

2. Innkomin bréf

Bréf frá formanni körfuknattleiksdeildar v/aðstoðar við reikninga sem eru komnir í vanskil. **Móttekið og samþykkt að veita körfuknattleiksdeildinni aðstoð. Framkvæmdastjóra falið að ganga í málið.**

Bréf frá UMFÍ v/úthlutunar á styrk úr fræðslu- og verkefnasjóði v/skyndihjálparnámskeiða. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ v/úthlutunar á styrk úr fræðslu- og verkefnasjóði v/Nora námskeiðs. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ v/sakavottorða. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ v/boðunar á Vorfund UMFÍ Sauðárkróki. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ v/Landsmóts og Unglingalandsmóts auk plakata. **Móttekið.**

Afrit af bréfi fimleikadeildar til íþrótt- og tómsundaráðs Reykjanesbæjar. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ v/Vorfundar UMFÍ ásamt dagskrá. **Móttekið.**

Bréf frá ÍRB v/boðunar á ársþings 28. maí 2018 ásamt kjörbréfi. **Móttekið.**

Bréf frá UMFÍ v/Hreyfiviku UMFÍ. **Móttekið.**

3. Send bréf

Bréf sent á stjórnir allra deilda Keflavíkur v/ skyndihjálparnámskeiða.

Bréf sent á UMFÍ v/bakgrunnsskoðunar á þjálfurum og stjórnarmönnum og fyrirspurnar í sakaskrá ríkisins.

4. Umhverfisdagur Keflavíkur 2018

Umhverfisdagur Keflavíkur 2018 var þriðjudaginn 24. apríl. Mjög góð mæting var og mikið rusl týnt. Grillaðir voru eitthundrað og þrjátíu hamborgarar sem þátttakendur gæddu sér á.

5. Vorfundur UMFÍ 2018

Vorfundur UMFÍ verður haldinn á Sauðárkróki 4. – 5. maí 2018. Dagskrá liggur fyrir. Engin stjórnarmaður sér sér fært á að mæta á þennan fund.

6. Ársþing ÍRB 2018

Ársþing Íþróttabandalags Reykjanesbæjar verður haldið 28. maí í Íþróttakademíunni. Keflavík á tíu þingfulltrúa. Lagðar verða fram lagabreytingar við lög bandalagsins. EH leggur áherslu á að stjórnarmenn mæti á þingið. Bjarney S. Snævarsdóttir á eitt ár af kjörtímabili sínu eftir og er því ekki í kjöri. Ingigerður Sæmundsdóttir hefur ákveðið að gefa kost á sér til formanns.

7. Hringbraut 108

Verið er að vinna að því að koma Hringbraut 108 aftur yfir á nafn Keflavíkur íþrótt- og ungmennafélags af Reykjanesbæ. Niðurstaðan er að útbúa lóð fyrir eignina. Eignarskiptalýsing var ekki að ganga upp. Umræður urðu um hvað við gerum við húsið. Knattspyrnudeildin hefur óformlega verið að óska eftir því að eiga þann möguleika á að nota það í sumar í tengslum við heimaleiki meistaraflokks karla og kvenna. **Framkvæmdastjóra heimilað að taka þær ákvarðanir sem kunna að kom upp varðandi þessa óformlegu beiðni.**

8. Námskeið

Búið er að halda námskeið í Nóra og eitt skyndihjálparnámskeið. Seinna skyndihjálparnámskeiðið verður 9. maí. Styrkir fengust í námskeiðin frá UMFÍ.





Frh.

505. Stjórnarfundur haldinn 3. maí 2018 kl:18:00

9. Önnur mál

EH sagði frá því að búið væri að kaupa glös í eldhúsið og aðra litla hluti.

Umræður um hvort ætti að skipta út eldavélinni og setja í staðin ofn í eldhúsið.

Framkvæmdastjóra veitt heimild til að kaupa nýjan prentara á skrifstofuna.

Stuðningsmannkort fyrir knattspyrnuna eru komin og voru afhent stjórnarmönnum.

EH sagði frá því að salur 1 væri leigður allan maímánuð til lögreglunnar vegna landamærakennslu.

EH kom inn á, að oft hefur verið rætt um að kaupa fatnað á stjórnarmenn aðalstjórnar en ekki hefur orðið af því og taldi það tímabært núna. EH var með sýnishorn af Nike peysu sem hann lagði til að yrði keypt handa stjórnarmönnum ásamt Nike póló bol. Stjórnarmönnum líst vel á þetta og framkvæmdastjóra falið að kanna þetta betur og einnig að skoða hvað hægt væri að fá í staðin fyrir póló boli fyrir kvenmennina í stjórninni.

ÞMK óskaði eftir því að EH myndi víkja af fundi. EH vék af fundinum. ÞMK sagði frá því að EH hefði óskað eftir launaviðtalið við sig og KG og óskað eftir því að fá launahækkun. ÞMK lagði til við aðalstjórn að launin yrðu hækkuð og lagði fram tillögu þess efnis frá sér og KG. Umræður um málið.

Tillaga ÞMK og KG var samþykkt. Launahækkunin tekur gildi frá 1. mars 2018.

Næsti fundur 17. maí kl. 18:00.

Fundi slitið kl. 19:05 Fundinn ritaði BS.

